

Fundargerð 8. fundar stjórnar SSA haldinn 31. janúar 2025

Fundurinn haldinn á Teams og hófst kl. 11:00.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Berglind Harpa Svavarsdóttir (formaður), Þuríður Lillý Sigurðardóttir, Stefán Þór Eysteinnsson, Eyþór Stefánsson og Axel Örn Sveinbjörnsson. Jóhann Frímann Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mætt frá Austurbrú: Dagmar Ýr Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, Urður Gunnarsdóttir, Bryndís Fiona Ford, verðandi framkvæmdastjóri, og Jón Knútur Ásmundsson (fundarritari).

Gestir: Stefán Eiríksson, útvarpsstjóri, og Valgeir Vilhjálmsson, markaðsrannsóknastjóri.

Dagskrá

1. Fundargerð SSA [nr. 7](#) (til kynningar)
2. Fjallskilasamþykkt SSA
 - Minnisblað, unnið að beiðni stjórnar af Páli Baldurssyni, verkefnastjóra hjá Austurbrú, og Stefáni Aspar Stefánssyni, verkefnastjóra umhverfismála hjá Múlaþingi lagt fram til kynningar.
 - Málið enn í vinnslu og verður tekið aftur fyrir aftur.
3. Samtal við útvarpsstjóra um stöðu fréttu- og dagskrágerðar RÚV á Austurlandi
 - Mættir frá RÚV voru útvarpsstjóri og markaðsrannsóknastjóri. Framkvæmdastjóri SSA hóf samtalið með því að kynna stöðu RÚV og fjölmiðla á Austurlandi fyrir gestunum, sagði frá upplifun heimamanna o.fl. Útvarpsstjóri kynnti áherslur RÚV, vísaði í drög að landsbyggðastefnu stofnunarinnar og kynnti fyrir stjórn hvernig fjölmiðillinn m.a. viðmælendagreinir dagskrárefni eftir ýmsum þáttum m.a. landshlutum. Umræður í kjölfarið. Rætt um staðsetningalaus störf, hlutverk almannaútvarpsins gagnvart landbyggðunum, nálægðarvanda, ferðakostnað fyrir viðmælendur sem ekki eru búsettir á suðvesturhorninu og margt fleira. Stjórn þakkaði gestum sínum fyrir gott samtal og vilji allra viðstaddra að halda samtalinu áfram.
4. Menntaívilnanir heilbrigðisstarfsmanna
 - Framkvæmdastjóri lagði fram bréf sent til Bygðastofnunar og ráðherra háskólamála ásamt samantekt frá HSA vegna málsins. Erindi bréfsins í stuttu máli það að sveitarfélögin fjögur á Austurlandi og SSA óska eftir því við menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra að hann beiti ívilunarheimild í lögum um Menntasjóð námsmanna til að auðvelda mönnun Heilbrigðisstofnunar Austurlands.
5. Bókun vegna flugvallarins í Reykjavík
 - Stjórn SSA tekur undir bókanir sveitarfélaganna á Austurlandi og Miðstöðvar sjúkraflugs á Íslandi varðandi málefni Reykjavíkflugvallar og mikilvægi þess að tekinn sé af allur vafi um flugrekstraröryggi vallarins. Óheft aðgengi að flugvellingum er lífsnauðsynlegt fyrir sjúkraflug

líkt og Miðstöð sjúkraflugs á Íslandi hefur bent á. Stjórn SSA telur óásættanlegt að öryggi og aðgengi landsbyggðarinnar að innanlandsflugvellinum í Reykjavík sé stefnt í voða vegna tregðu Reykjavíkurborgar að fækka trjám til að tryggja aðflug. Auk áhrifa á sjúkraflug myndi öll skerðing á flugi um Reykjavíkuvöll hafa gríðarlega neikvæð áhrif á þá sem verða að sækja þjónustu til Reykjavíkur og vilja fyrirtækja til að halda úti starfsemi fjarri höfuðborgarsvæðinu. Stjórn SSA skorar á Reykjavíkurborg, stjórnvöld og Isavia að leysa málið hið fyrsta til að tryggja aðgengi allra landsmanna að heilbrigðisþjónustu, líkt og kveðið er á um í lögum, auk aðgengi að annarri þjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

- Framkvæmdastjóra falið að koma bókuninni áfram á viðeigandi aðila.

5. Bókun vegna samgöngumála á Austurlandi eftir ástand sem skapaðist á Seyðisfirði fyrir í mánuðinum

- Í ljósi þess ástands sem skapaðist 19. – 20. janúar á Seyðisfirði, þegar íbúar lokuðust inn í firðinum vegna ófærðar á sama tíma og rýma þurfti stór svæði í bænum vegna snjóflóðahættu, telur stjórn SSA rétt að minna á ályktun sína frá haustþingi 2024 þar sem lögð var áhersla á að ríkisvaldið standi við fyrirheit um öruggt og greiðfært vegakerfi innan landhlutans. Við þessar aðstæður fæddi kona barn á Seyðisfirði í fyrsta skipti í 32 ár. Aðstæður voru mjög ótryggar þar sem eina leiðin burt úr firðinum var með varðskipi. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem slíkt ástand skapast á Austfjörðum og er skemmst að minnast þess þegar snjóflóð féllu í Neskaupstað árið 2023. Mikilvægt er að stjórnvöld hefji framkvæmdir hið fyrsta við að tengja Austurland saman sem eitt svæði en Fjarðaheiðargöng eru tilbúin til útboðs og eru fyrsti áfanginn í þeirri gangaframkvæmd sem þarf að fara í til að tryggja að allir Austfirðingar komist með öruggum hætti á Fjórðungssjúkrahús í Neskaupstað og í sjúkraflug frá Egilsstaðaflugvelli. Eingöngu með hringtengingu samgangna verður fjölkjarnasamfélagið Austurland að einu atvinnu- og þjónustusvæði sem getur vaxið áfram á eigin forsendum og verðleikum.
- Framkvæmdastjóra falið að koma bókuninni áfram á viðeigandi ráðuneyti.

6. Bókun vegna fjarskipta á vegum með öðrum landshlutasamtökum sveitarfélaganna.

- Fyrir liggur greinargerð Fjarskiptasofu sem ber titilinn [Samráð um breytingar á skilyrðum tíðniheimilda](#). Með henni efnir Fjarskiptastofa til samráðs um breytingar á skilyrðum tíðniheimilda Nova, Símans og Sýnar fyrir háhraða farnetsþjónustu sem gefnar voru út árið 2023 og tíðniheimild Öryggisfjarskipta fyrir neyðar- og öryggiskerfi sem gefin var út árið 2022.

Greinargerð Fjarskiptastofu upplýsir um framgang og stöðu fyrir uppbyggingu farnets á stofnvegum landsins. Nánar tiltekið breytingar á skilmálum háhraðanets á stofnvegum á grunni úthlutunar tíðnisviða á árinu 2023. Sett var kvöð á fjarskiptafyrirtækin að koma að uppbygginu háhraðanetskerfi samstarfi við Öryggisfjarskipti ehf., á þeim stofnvegum þar sem markaðsbrestur er fyrir hendi.

Greinargerðin upplýsir að Öryggisfjarskipti ehf. muni vegna fjárskorts á árinu 2025 ekki geta staðið við sinn hluta samstarfsins. Tillaga Fjarskiptastofu er að seinka tilgreindum frestum á kvöð fjarskiptafyrirtækja um uppbyggingu kerfisins um eitt ár eða til ársloka 2027.

SSA, auk annarra landshlutasamtaka sveitarfélaganna, harma þessa stöðu sem upp er kominn og skorar á stjórnvöld að bregðast nú þegar við og veita Öryggisfjarskiptum ehf. fjármagn á árinu 2025 til að verkefnið haldi áætlun.

Tryggja verður að farnet þjóni vegfarendum um land allt jafnt íbúum sem ferðamönnum og setja verður sérstaklega í forgang þá vegkafla þar sem ekkert farnetssamband er til staðar í dag. Sömuleiðis þarf að tryggja að samskiptakerfi viðbragðaðila verði byggt upp samhliða.

Þá hafa sveitarfélög og landshlutasamtök ekki haft beina aðild að framgangi þessa verkefnis. Í ljósi þeirrar stöðu sem nú er kominn upp er það krafa sveitarfélaga að þau verði kölluð til samstarfs enda um mikið hagnuna- og öryggismál að ræða fyrir landshlutana sem SSA hefur raunar ályktað um ítrekað þ.e. að lögð skuli áhersla á mikilvægi fjarskiptasamband fyrir öryggi og atvinnuþbyggingu. Að fresta eða draga úr þessum framkvæmdum er með öllu óásættanlegt sem mun stofna öryggi vegfarenda, íbúa og ferðamanna á Austurlandi í hættu.

- Framkvæmdastjóri skilar bókuninni inn sem umsögn um greinargerð Fjarskiptastofu.

Mál til kynningar og umræðu eftir atvikum:

1. Mál í samráðsgátt stjórnvalda

- 5 mál í [samráðsgátt](#).

2. Fundargerðir og erindi til kynningar

- SSH, fundur [nr. 593, 594 og 595](#)
- SSV, fundur [nr. 185](#)
- SSNV, fundur [nr. 116](#) og [nr. 117](#)
- SSNE, fundur [nr. 69](#)
- SASS, [framkvæmdastjóri lætur af störfum](#)
- SSS, fundur [nr. 807](#)
- Sambandið, fundur nr. 960
- Fundargerð hreindýraráðs, lögð fram til kynningar
- Beiðni frá Náttúruverndarsamtökum Austurlands vegna fundar

3. Önnur mál

- Þetta var síðasti stjórnarfundur Dagmarar Ýrar Stefánsdóttur, framkvæmdastjóra. Stjórn þakkar framkvæmdastjóra samstarfið og óskar henni góðs gengis á nýjum vettvangi.

Fundi slitið kl. 12:55.

Undirritunarsíða

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Stefán Þór Eysteinnsson

Eyþór Stefánsson

Axel Örn Sveinbjörnsson